

Breytingartillaga á lagagrein 13 á lögum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra lagt fram á landsfundi landssambandsins 30. apríl 2022.

### 13. grein

#### Landsfundur – kosningar og umboð

Árlega skulu kosningar á landsfundi vera eins og hér segir í eftirfarandi embætti:

a. Formann stjórnar Sjálfsbjargar, gjaldkera, einn meðstjórnanda, og einn varamann skal kjósa til tveggja ára sama árið.

b. Varaformann, ritara, tvo meðstjórnendur og einn varamann skal kjósa til tveggja ára hitt árið.


c. Í kjörnefnd skulu tveir kjörnir annað árið og þrír hitt árið.

e. Stjórn skal leggja til hvaða aðrar nefndir skulu starfa í Sjálfsbjörg hverju sinni, fjölda nefndarmanna, hvort stjórn skipar nefndarmenn eða hvort kjósa skal í þær til eins árs eða tveggja ára á landsfundi og hvort formann nefndar skal kjósa sérstaklega. Sama á við um fulltrúa Sjálfsbjargar í stjórn og nefndum sem Sjálfsbjörg tilnefnir fulltrúa í. Þetta skal kynnt á vefsíðu Sjálfsbjargar 4 vikum fyrir landsfund.

f. Fulltrúar sem kosnir eru á landsfundi Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfelld. Sá sem kosinn er formaður Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.

g. Stjórnarmenn sitja í umboði landsfundar en ekki einstakra aðildarféлага.

**Rökstuðningur:** Tekið er fram að allir einstaklingar sem kosnir eru í stjórn á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra eru starfandi í umboði landsfundar en ekki í umboði einstakra aðildarféлага Sjálfsbjargar.

  
Flutningsmaður

  
Stuðningsmaður

Útskýringar á lituðum og yfirstrikuðum texta:  
Rauður texti er nýr texti.